


Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 9. apríl 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til breytingu á raforkulögum nr. 65/2003 og lögum um stofnun Landsnets hf. nr. 75/2004, 628. mál.

Neytendasamtökin eru jákvæð í garð þeirrar viðbótar sem lagt er til gerð verði á 3. tölul. 1. gr. raforkulaga og lýtur að markmiðum þeirra. Viðbótin felur það í sér að auk fullnægjandi raforkuöryggis og hagsmuna neytenda, skuli jafnframt tryggja neytendavitund á raforkumarkaði. Í greinargerð frumvarpsins er neytendavitund á raforkumarkaði skilgreind með þeim hætti að neytendur verði vel upplýstir um stöðu sína og rétt til þess að velja sér raforkusala o.fl. Neytendasamtökin telja markmiðið hvort í senn fagurt og þarft, og út frá reynslu samtakanna lítur einmitt út fyrir að neytendur séu ekki fullmeðvitaðir um hversu einfalt það er í raun að velja hagkvæmasta kostinn hverju sinni þegar kemur að vali á raforkusala. Neytendasamtökin veita því þó eftirtekt að það er hvorki í frumvarpinu sjálfu né í greinargerð fjallað um hvernig hin aukna neytendavitund skuli tryggð eða hver beri ábyrgð á að framfylgja þessum fögru fyrirheitum. Til að tryggja það að viðbótin þjóni einhverjum raunverulegum tilgangi telja samtökin þörf á að tilgreina, hvernig og hver það er sem framfylgja á umræddum markmiðum.

Virðingarfyllst,



Breki Karlsson,
formaður Neytendasamtakanna